

Sp.

278. Tillaga til þingsályktunar

[120. mál]

um aðstoð við ný iðnfyrirtæki til atvinnujöfnunar.

Flm.: Jónas Rafnar, Magnús Jónsson, Kjartan J. Jóhannsson,
Einar Ingimundarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, með hvaða hætti helzt verði stuðlað að því, að ný iðnfyrirtæki risi upp í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem skilyrði eru góð til iðnaðarframleiðslu, en atvinnuleysi hefur gert vart við sig að undanfögnu.

Sérstaklega verði athugað, hvort ekki sé rétt að setja löggjöf um fyrirgreiðslu af hálfu ríkisvaldsins við stofnun nýrra iðnfyrirtækja á fyrrnefndum stöðum með það fyrir augum að hagnýta sem best náttúruauðlindir landsins og koma í veg fyrir atvinnuleysi.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur iðnaðurinn tekið stórfelldum framförum hér á landi. Nýjar iðngreinar hafa risið upp og eldri fyrirtæki fært út kviarnar. Er nú svo komið, að iðnaðurinn er engu síður mikilsverður þáttur í atvinnulífi okkar Íslendinga en sjávarútvegur og landbúnaður — og með ári hverju fjölgar þeim aðilum, sem beinlínis hafa lífsuppeldi sitt frá þeirri atvinnugrein.

Segja má, að flestöll meiri háttar iðnfyrirtæki, nema ullarverksmiðjur og iðjuver, sem vinna úr sjávarafurðum, séu nú staðsett í Reykjavík. Valda því margar ástæður. Í Reykjavík sjálfri er stærsti markaðurinn fyrir framleiðsluna, hægara en víðast hvar annars staðar að ná í þjálfað vinnuafli og auðveldara um útvegum lánsfjár. Meðan leita þurfti til nefnda og ráða um allan innflutning, höfðu fyrirtæki í höfuðstaðnum allt aðra og betri aðstöðu en fyrirtæki úti á landsbyggðinni. Það mun og hafa ráðið nokkru um val á staðsetningu nýrra iðnfyrirtækja, að opinber gjöld hafa yfirleitt reynzt nokkru lægri í Reykjavík en í öðrum kaupstöðum.

Flestir munu líta svo á, að ekki sé hagstætt fyrir þjóðarheildina að einskorða iðnað landsmanna að mestu við Reykjavík og nágrenni, æskilegra sé, að iðnfyrirtækin séu ekki síður staðsett úti á landi, þar sem skilyrði eru fyrir hendi. Á það má benda, að erlendis, eins og t. d. í Englandi, stuðlar ríkisvaldið að því, að ný iðnfyrirtæki risi fremur upp í smærri bæjum en í stórborgunum.

Á undanfögnu árum hefur orðið vart við verulegt atvinnuleysi í mörgum kauptúnum og bæjarfélögum, sérstaklega um vetrarmánuðina. Með stofnun og starfrækslu nýrra iðnfyrirtækja á þessum stöðum kæmi aukin atvinna og betri lífskjör fyrir fólkið, sem nú býr við erfiðar aðstæður.

Með tillögu þessari er ætlað til þess, að ríkisstjórnin láti athuga sem fyrst, hvað unnt sé að gera til þess að auka iðnaðinn utan höfuðstaðarins. Tillögumenn telja, að ný iðnfyrirtæki í kauptúnum og bæjum, sem búið hafa við atvinnuleysi, muni ekki hvað sízt stuðla að jafnvægi í byggð landsins og jafnari afkomu landsmanna.

Tillögumenn telja, að meðal annars komi til greina að veita nýjum iðnfyrirtækjum nokkur skattfríðindi fyrstu árin, fyrirgreiðslu um útvegum lánsfjár með hagstæðum kjörum, auk ókeypis tæknilegrar aðstoðar. Má að sjálfsögðu benda á fleira.